

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Fjallabyggð.

#### 1. gr.

Af hundum og köttum í Fjallabyggð skal Fjallabyggð innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 631/2012 um hundahald í Fjallabyggð og samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð.

#### 2. gr.

Hundaleyfisgjald greiðist árlega 12.800 kr. á hvern hund.

Kattaleyfisgjald greiðist árlega 11.200 kr. á hvern kött.

Innifalið í leyfisgjaldi er sá kostnaður sem verður vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, heilbrigðisskoðunar dýralæknis, ormahreinsunar og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna hunda og katta, skal greiddur af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 11. gr. samþykktar nr. 631/2012 um hundahald í Fjallabyggð og 14. gr. samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð, skal vera 6.600 kr. Ef vista þarf hund eða kött yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 1.100 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjallabyggðar vegna hunds eða kattar.

Eigandi hunds eða kattar getur fengið hann afhentan, að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

#### 5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 21. nóvember 2019 á grundvelli 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma falla úr gildi gjaldskrár nr. 1331/2018 fyrir hundahald í Fjallabyggð og nr. 1332/2018 fyrir kattahald í Fjallabyggð.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 21. nóvember 2019.

*Fjallabyggð, 3. desember 2019.*

**Guðrún Sif Guðbrandsdóttir,**  
deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála.